



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 26. júní 2020
MÍ202005-0131/ 6.09 / P.E.H.

Efni: Þorgeirsstaðir í Lóni, Sveitarfélagið Hornafjörður - tillaga að deiliskipulagi

Minjastofnun hefur mótttekið tölvubréf frá umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 25. maí s.l. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Þorgeirsstaði í Lóni. Meðfylgjandi voru skipulagsgögn, greinagerð (13.01.2020) og uppdráttur (13.01.2020). Deiliskipulagið nær til hluta jarðanna Þorgeirsstaða og Þorgeirsstaða 3. Skipulagssvæðið er um 22ha að stærð og er í tvennu lagi. Fyrirhuguð er á svæðinu frekari uppbygging á ferðaþjónustustarfssemi, s.s. að breyta fjárhúsum í gistingu, auk þess eru fyrirhugaðar tvær nýjar virkjanir í Þorgeirsstaðaá, tjaldsvæði vestan árinna og göngubrú yfir ána.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Jafnframt segir í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli lagt mat á varðveislugildi svípmóts byggðar og einstakra bygginga með gerð húsakönnunar. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminjar vegna skipulags og framkvæmda en hægt er að nálgast reglurnar á heimasíðu stofnunarinnar. Fornleifa, húsa og mannvirkjaskráning liggur ekki fyrir innan þess svæðis sem ofangreint skipulag nær til.

Í kafla 2.1.4. í greinagerð tillögunnar er fjallað um minjar og verndarsvæði. Þar segir að engar þekktar minjar séu innan skipulagssvæðisins. Fornleifaskráning svæðisins hefur hinsvegar ekki farið fram og því er ekki hægt að fullyrða að engar fornleifar séu innan þess. Annað skipulagssvæðið er staðsett á bæjarstæði Þorgeirsstaða og á slíkum svæðum eru t.d. miklar líkur á fornleifum.

Fornleifaskráning þarf að fara fram innan skipulagssvæðanna sem hér eru til kynningar í samræmi við lög og skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Útlínur skráðra fornleifa skulu koma fram á deiliskipulagsuppdrætti, sem og punktar þar sem ekki sést til minja á yfirborði. Skrásetjari skal kanna svæðin vandlega og ganga úr skugga

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

um hvort óþekktar minjar séu að finna innan þeirra. Skráningin þarf að ná yfir bæði skipulagssvæðin sem hér eru til kynningar til að hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar sem kunna að leynast innan þeirra. Að skráningu lokinni, þarf hún að berast Minjastofnun Íslands til staðfestingar skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun mun í kjölfarið taka skipulagið aftur til umsagnar. Húsin sem standa innan skipulagssvæðisins falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun telur ekki þörf á frekari könnun þeirra. Stofnunin bendir þó á að skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, segir m.a. að þegar unnið sé skipulag í þegar byggðu hverfi skuli gerð húsakönnun. Hafa skal samráð við Minjastofnun Íslands við gerð húsakannana.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagssvið sveitarfélagsins Hornafjarðar (skipulag@hornafjordur.is)